

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 3.900.00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni kr. 3.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1984.

Nr. 251/1981. **Guðni Aðalsteinsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

**Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur**

(Gunnar Sólnes hrl.)

Skadabótamál. Löghald. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Biörn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1981. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 61.100.48 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. mars 1979 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig krefst hann, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Ólafsfjarðar 14. september 1979 að beiðni áfrýjanda til tryggingar dómkröfunum.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal skýrslur Sigtryggs Valgeirs Jónssonar 7. mars 1982 og Sigurðar Björnssonar lögreglumanns 31. janúar 1982, álitserð Gunnars

Sigurðssonar, fyrrverandi varaslökkviliðsstjóra í Reykjavík, 19. febrúar 1982 og endurrit vitnamáls, er háð var fyrir bæjarþingi Ólafsfjarðar 24. apríl 1982, en þá komu nokkur vitni fyrir dóm. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt endurrit vitnamáls, er háð var á bæjarþingi Ólafsfjarðar 20. maí 1983, en þá voru m.a. lagðar fram ýmsar lögregluskýrslur, og Sigurður Björnsson staðfesti fyrrgreinda skýrslu sína. Enn fremur kom stefnda þá fyrir dóm.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, fór fram lögreglu-rannsókn og dómsrannsókn í sakadómi Ólafsfjarðar út af brunanum á bílskúr áfrýjanda. Hafa rannsóknargögnin verið lögð fram í þessu máli.

Áfrýjandi býr í húsinu nr. 18 við Hlíðarveg, en stefnda í nr. 16. Gatan liggur nokkurn veginn frá norðri til suðurs samkvæmt fram-lögðum uppdráttum, og standa húsin að vestanverðu við götuna. Rúmir 8 metrar eru á milli húsanna. Bílskúrin, sem brann, stóð í suðvesturhorni lóðarinnar nr. 18, og voru um 12 metrar milli hans og hússins.

Fram er komið í málinu, að 16 ára sonur áfrýjanda gekk síðastur um bílskúrin um kl. 2330 kvöldið fyrir brunann. Setti hann þá vélhjól og skíði inn fyrir bílskúrsdyrnar á suðurgafli skúrsins. Hafði hjólið staðið úti í um viku og gangsetti hann það ekki. Hann kvaðst ekki hafa haft eld um hönd né farið neitt um skúrin og lokað honum tryggilega.

Áfrýjandi kvað konu sína hafa vakið sig rétt fyrir kl. 0300 um-rædda nótt og sagt sér, að bílskúrin stæði í björtu báli. Í sama mund og hann var kominn í fötin hefði verið bankað á forstofudyr hússins, en er hann opnaði þær, hefði enginn verið fyrir utan. Hann hefði þá tekið eftir nýjum förum í snjónum, sem lágu frá dyrunum að húsi stefndu. Einnig hefði hann séð spor að skúrnum frá húsi stefndu og til baka. Hann kvað sér hafa vírst eldurinn mestur í norðvesturhorni bílskúrsins. Þar hafði verið brotin rúða, og hafði hann sett fyrir hana einangrunarplast, svo að ekki snjóaði inn. Taldi hann stefndu hafa brotið rúðu þessa sumarið 1978. Áfrýjandi kvaðst hafa kvatt slökkvilið á vettvang. Stefnda hefði verið fyrir utan hús sitt og kallað, að skúrin væri að brenna.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Björnssonar lögreglumanns 2. mars 1979 barst lögreglunni tilkynning um brunann kl. 0305 um nóttina.

Var Sigurður kominn á vettvang stuttu seinna ásamt Stefáni Einarssyni lögregluvarðstjóra. Var skúrinn þá alelda. Slökkviliðið kom skömmu síðar.

Stefán og Sigurður önnuðust frumrannsókn á vettvangi. Samkvæmt skýrslu þeirra sáu þeir sporaslóð, sem lá frá húsinu nr. 16 að nyrðri glugga á vesturhlið bílskúrsins og aftur til baka. Við athugun síðar reyndust spor þessi vera eftir skó, sem stefnda átti. Önnur nýleg spor lágu frá inngangi á austurhlið hússins nr. 16 að inngangi á austurhlið hússins nr. 18 og til baka. Síðar kom í ljós að þau spor voru eftir skó af eiginmanni stefndu. Þriðja sporaslóðin lá vestur með húsinu nr. 16 og norður fyrir suðvesturhorn þess. Við enda þeirrar slóðar var talsvert traðk, og fundust í traðkinu 4 sígarrettustubbar. Lögreglumennirnir segja í skýrslu um þetta, að þessar slóðir hafi verið einu merkin um mannaferðir í næsta nágrenni við brunastað. Nokkur snjóköma hafi verið kvöldið fyrir brunann og athugun á vettvangi auðveld þess vegna.

Lögreglumenn frá rannsóknarlögreglu ríkisins fóru til Ólafsfjarðar og unnu að rannsókn málsins. Töldu þeir upptök eldsins hafa verið fyrir innan nyrðri gluggann á vesturhlið bílskúrsins, en þar var fótstykkið brunnið niður í stein. Tóku þeir sýnishorn úr því til frekari rannsóknar. Þrjár brúsar fundust á heimili stefndu. Efnarannsóknastofa Fjölvors, sem rannsakaði innihald brúsanna, taldi, að í þeim væri bensín, steinolía og „White-spirit“ (þynnir).

Í skýrslu rannsóknastofunnar segir svo um niðurstöðu rannsókna-  
ar á brunaleifunum:

„Lyktareinkenni óljós. Skolun með vatni og athugun á einkennum við upphitun sýndi ekki merki um filmu né heldur var lykt einkennandi fyrir ofangreindan vökva, merkjanleg“.

Rannsóknarlögreglumennirnir fundu einnig kvenpeysu í sorppoka fyrir utan hús stefndu. Angaði peysan af bensíni eða olíu.

Lögreglumennirnir áttu tal við stefndu heima hjá henni um nóttina, sem bruninn varð. Í skýrslu Sigurðar Björnssonar um þetta segir, að stefnda hafi komið til dyra „klædd náttkjól og sjáanlega töluvert ölvuð. Ekki vildi hún koma á lögreglustöðina og ræða við lögreglu og kvaðst að fyrra bragði ekkert vita um eldsupptök í bílskúrnun. Kvaðst hún vera nývöknuð. . . . Var mál hennar ruglingslegt“.

Í skýrslu Sigurðar Björnssonar 31. janúar 1982 segir hann, að þeir lögreglumennirnir hafi farið heim til stefndu, eftir að búið var að slökkva eldinn, en slökkvistarfið mun hafa tekið um klukkustund. Í skýrslunni segir ennfremur, að stefnda hafi að fyrra bragði sagt, að hún hefði ekki kveikt í bílskúrnum og stagast á því, að hún hefði ekki farið að bílskúrnum, en aðeins hlaupið að húsi áfrýjanda til að gera viðvart um eldinn.

Stefnda var yfirheyrð af lögreglunni á Ólafsfirði morguninn eftir brunann. Skýrði hún þá svo frá, að daginn áður hefði hún komið boðum til Úlfars Guðmundssonar sóknarprests um að koma til þeirra hjónanna og ræða við þau, þar sem eiginmaður sinn hefði verið búinn að vera með vini í langan tíma. Séra Úlfar hefði síðan komið um kl. 1915 og dvalist hjá þeim þar til kl. 0045. Skömmu síðar hafi eiginmaður hennar sofnað í stól í stofunni, en hún fengið sér í glas. Hún hefði svo setið í myrkrinu til um kl. 0200, en opnað þá stofuglugga til að hleypa inn fersku lofti og sest síðan niður. Hún hefði heyrt eitthvert snark úti fyrir og farið að huga að því. Hún hefði þá tekið eftir óeðlilegri birtu, síðan fundið einhverja lykt og séð, að reyk lagði yfir hús hennar. Hún hefði nú fengið sér í glas og setið litla stund. Er hún stóð upp og leit út um gluggann, hefðu eldtungur staðið upp úr þaki bílskúrsins, sem þá var að verða alelda. Hún hefði nú farið í úlpu og kuldaskó og hlaupið niður að skúrnum og síðan heim aftur og kallað á eiginmann sinn, sem sofið hefði í stól í stofunni, en hún hefði ekki getað vakið hann. Hún hefði nú farið úr stígvélum sínum frammi í þvottahúsi, en að því búnu farið í stígvél eiginmanns síns, því að léttara hefði verið að fara í þau, og hlaupið að húsi áfrýjanda til að gera viðvart um, að kviknað væri í bílskúrnum. Hún hefði bankað á aðaldyr hússins og kallað upp í glugga. Stefnda kvaðst svo hafa fylgst með því, sem gerðist, úr glugga heima hjá sér og verið hrædd. Lögreglan hefði svo komið að útidrym hússins og beðið hana um að koma á lögreglustöðina, en hún hafi neitað.

Í áðurgreindri skýrslu Sigurðar Björnssonar frá 31. janúar 1982 vikur hann að yfirheyrslu lögreglunnar yfir stefndu á lögreglustöðinni morguninn eftir brunann. Segir hann, að hún hafi í fyrstu neitað því, að hún hefði farið að glugga á bílskúrnum, en þegar henni hafi verið bent á, að skóförin, sem mynduðu slóðina þangað

frá húsi hennar, svöruðu nákvæmlega til þess fótabúnaðar, sem hún væri í, hefði hún viðurkennt að hafa farið að bílskúrnum til að gá að, hvað um væri að vera.

Lögreglumaðurinn hefur staðfest skýrslu þessa fyrir dómi.

Þegar stefnda var yfirheyrð fyrir dómi, skýrði hún svo frá, að hún hefði hlaupið að bílskúrnum, strax eftir að hún varð eldsins vör, en þó ekki til að reyna að slökkva. Ekki gat hún gefið neina skýringu á því, hvers vegna hún fór að skúrnum, en hún kveðst hafa farið að norðausturhorni hans.

Stefnda gaf þá skýringu á peysu þeirri, sem áður var nefnd, að hún hefði um helgina áður strokið yfir gólf í þvottahúsi með peysunni, vættri í bensíni, til þess að eyða óþef. Áður hefði hún þvegið gólfið úr sápuvatni. Að þessu loknu hefði hún sett peysuna í sorppoka og látið hann út fyrir dyrnar. Fram kom, að sorphreinsunarmaður hafði á fimmtudaginn tekið sorppoka frá húsinu og sett annan í staðinn. Er stefndu var bent á þetta, kvaðst hún hafa hreinsað gólfið á fimmtudag, og væri fyrri frásögn sín misminni. Við síðari yfirheyrslu hélt hún því þó enn fram, að hún hefði þvegið gólfið á sunnudagskvöld eða aðfaranótt mánudags. Henni var bent á, að peysan bæri þess engin merki, að hún hefði verið notuð til gólfþvotta, og því svaraði hún svo, að hún hefði þvegið gólfið svo vel á undan.

Vitnið Ari Eðvaldsson rafvirki, sem lagði raflagnir í umræddan bílskúr, kvað rafmagn hafa verið leitt í hann um jarðkapal frá íbúðarhúsinu. Engar lagnir hefðu verið að vestanverðu í skúrnum. Rofar hefðu verið í austurhluta skúrsins við útihurð og einnig tenglar í þeim hluta, en í lofti 4 ljósastæði. Hefðu allar lagnir verið í plastörum. Á lögnum húss og bílskúrs hefði verið lekaliði.

Ari kvaðst hafa komið á vettvang, skömmu eftir að eldsins varð vart, og hefði fyrsta verk sitt verið að fara að rafmagnstöflunni í kjallara íbúðarhússins. Þar hefði allt verið eðlilegt og hefði hann strax rofið strauminn út í bílskúrinn. Taldi Ari útilokað, að kviknað hefði í út frá rafmagni. Allar lagnir hefðu verið nýjar og rafmagn lítið notað. Hefði straumur verið á öllum leiðslum, er hann kom að rafmagnstöflunni, en ef rafmagn hefði leitt út, hlyti allur rafstraumur að hafa rofnað. Ef eldur hefði komist í lögnina, hefði öryggi rofið strauminn og hefði svo farið, ef hann hefði ekki verið

búinn að rjúfa strauminn áður. Kvaðst Ari hafa kannað lekalíðann sérstaklega og hefði hann reynst í lagi og verið notaður áfram.

Gunnar Sigurðsson, fyrrum varaslökkviliðsstjóri í Reykjavík, hefur kynnt sér skjöl málsins og látið í té umsögn. Kveðst hann telja óhugsandi samkvæmt reynslu sinni, að stefnda hafi getað komið svo nærri skúrnum, sem sést af gögnum málsins, eftir að eldurinn var kominn á það stig, sem þar kemur fram.

Sigtryggur Valgeir Jónsson byggingameistari, sem að beiðni Brunabótafélags Íslands og Hagtryggingar h/f mat lausafjármuni, sem urðu eldinum að bráð, hefur í yfirlýsingu sinni skýrt frá því, að sér hafi verið kunnugt um, að nokkuð löngu fyrir brunann hafi verið brotin rúða í glugga á bílskúrnum og hafi plastplötu verið komið fyrir í glugganum. Við könnun á brunarústunum hafi verið komið niður á þessa plastplötu talsvert langt inni á gólfi bílskúrsins undir brunaleifum. Platan hafði sviðnað við hitann, en ekki brunnið. Hafi verið auðséd af þessu, að plötunni hefði verið ýtt inn af nokkru afli, áður en eldurinn kom upp.

Það kemur fram í gögnum málsins, að mikil óregla hafi verið á stefndu og eiginmanni hennar og þau stundum verið við drykkju dögum saman, eins og áður en atburður sá gerðist, sem hér er fjallað um. Hefur stefnda þá valdið nágrönnum sínum og öðrum kaupstaðarbúum ónæði með drykkjulátum. Hefur lögreglan oft þurft að hafa afskipti af henni. Fimmtudaginn 1. mars hafði stefnda komið heim til áfrýjanda og beðið um, að sonur hans færi í búð fyrir sig. Hún hafði svo komið aftur og beðið áfrýjanda um að aka sér til sóknarprestsins, en hjá honum vildi hún leita hjálpar vegna ölvunar eiginmanns síns. Spurði hún áfrýjanda, hvort hann væri sér reiður og hvort ekki væri rétt, að þau væru sátt. Kveður hún hann hafa svarað, að hann kærði sig ekki um að þekkja svona nágranna eða hyski. Áfrýjandi kveðst hafa svarað stefndu, að hann væri henni reiður, því að það ónæði, sem hún væri búin að valda sér og fjölskyldu sinni, væri óþolandi.

Meðal gagna í sakadómsmáli því, sem höfðað var gegn stefndu út af brunanum, eru skýrslur þriggja vitna, sem voru gestkomandi á heimili stefndu aðfaranótt 10. nóvember 1979 ásamt fleira fólki. Í vitnamáli því, sem fram fór 24. apríl 1982, komu einnig fyrir dómþrír af gestum þessum. Vitnunum ber saman um, að bílskúrsbrun-

inn hafi borist í tal. Eitt vitnanna, Gunnþór Árnason, segir, að stefnda hafi talað um, að hún þyrfti að fá dynamit til þess að sprengja upp bílskúr áfrýjanda, því hún hefði kveikt í gamla skúrnum, og tvö önnur vitnanna, Nanna Árnadóttir og Líney Hrafnadóttir, telja stefndu hafa gefið það í skyn, að hún hafi talað um að sprengja upp bílskúr áfrýjanda. Vitnin Sigurlaugur Ágústsson, Sigríður Jónsdóttir og Stefán Veigar Gylfason segja stefndu hafa neitað því, að hún hefði valdið eldsvoðanum. Af vitnaskýrslum kemur fram, að stefnda var undir áhrifum áfengis og óvíst hvort hún talaði í gamni eða alvöru.

Hæstiréttur er ekki bundinn af sönnunarmati dóms sakadóms Ólafsfjarðar 13. desember 1979, er hann dæmir í einkamáli því, sem hér er til úrlausnar.

Ekkert bendir til þess, að eldsvoði sá, sem mál þetta er risið af, hafi orðið út frá rafmagni eða að um sjálfssíkveikju hafi verið að ræða. Athugun á vettvangi bendir til þess, að upptökin hafi orðið við nyrðri glugga á vesturhlíð skúrsins. Eins og áður greinir, sýnist plata sú, sem sett hafði verið í gluggann í rúðu stað eigi hafa verið þar, er eldsvoðinn varð. Allt hnígur því að því, að upptök eldsins hafi verið af manna völdum, og berast böndin að stefndu og henni einni, þar sem ekkert hefur komið fram í málinu, er felli grun á aðra.

Slóð lá frá húsi stefndu að norðvesturhorni skúrsins og til baka. Stefnda kannaðist í fyrstu ekki við, að slóð þessi væri eftir hana, en játaði það þó eftir nokkra vafningu, og kvaðst hún þá hafa hlaupið að skúrnum, eftir að hún varð eldsins vör og sá, að eldtungur stóðu upp úr þakinu. Hún hefur ekki gefið neinar edlilegar skýringar á för sinni að skúrnum, og frásögn hennar um, að hún hafi farið alveg að skúrnum, eftir að eldurinn var kominn á það stig sem hún vill vera láta, verður að teljast fjarstæðukennd.

Skýrslur stefndu við rannsókn eldvoðans hafa að ýmsu öðru leyti verið mjög ósennilegar, svo sem um þeysu hennar, sem fannst við húsið og reyndist vætt í þynni eða „white spirit“. Þá er þess að geta, að misklið hefur verið með áfrýjanda og stefndu, sem lögreglan hefur oft þurft að hafa afskipti af vegna drykkjuláta.

Þegar framangreind atriði eru virt í heild, þykir eigi varhugavert

að telja sannað, að stefnda hafi valdið eldsvoðanum. Ber henni að bæta það tjón, sem af honum hlaut.

Eins og í héraðsdómi greinir, telur áfrýjandi heildartjón af völdum brunans nema 93.100.48 krónum. Er bótakrafa hans miðuð við þá fjárhæð að frádregnum 32.000.00 krónum, sem váttryggingafélög hafa greitt. Við málflutning fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því, að eigi sé um að ræða ágreining um kröfuna tölulega. Aðild áfrýjanda að bótakröfunni er eigi mótmælt. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina óbreyttar að öðru leyti en því, að vextir verða ákveðnir svo sem nánar er greint í dómsorði.

Þá ber að staðfesta löghald það, sem gert var 14. september 1979 í fasteigninni Hlíðarvegi 16 Ólafsfirði, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmd til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 25.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Inga Eyfjörð Sigurðardóttir, greiði áfrýjanda, Guðna Aðalsteinssyni, 61.100.48 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. mars til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

#### Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara

Atvik málsins benda að ýmsu leyti til þess, að eldsvoðinn í bifreiðageymslu áfrýjanda hafi hlotist af ikveikju af völdum stefndu.

Orsök eldsvoðans er þó ekki fyllilega sönnuð, og stefnda synjar fyrir að hafa verið þar að verki. Tel ég samkvæmt þessu, að staðfesta verði hinn áfrýjaða dóm og eftir þeim úrslitum að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 23. nóvember 1981.**

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., hefur Guðni Aðalsteinsson, Hlíðarvegi 18, Ólafsfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ólafsfjarðar á hendur Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur húsmóður, Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði.

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 61.100.48 ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. mars 1979 til 1. júní s.á., en 4% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim tíma til 1. sept. s.á., en 4.5% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fúgetarétti Ólafsfjarðar 14. sept. 1979 að beiðni stefnanda til tryggingar nefndri fjárhæð, svo og málskostnaðar samkv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði með öllu sýknuð af kröfum stefnanda og að henni verði dæmdur málskostnaður samkv. framlögðum reikningi eða mati dómara.

Þá krefst hún ómerkingar á löghaldi, sem stefnandi lét gera á húseign stefndu að Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, hinn 14. sept. 1979.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 17. sept. 1979 og birtri sama dag, og var það þingfest í bæjarþingi Ólafsfjarðar þann 28. sept. 1979.

Með úrskurði, dags. 20. október 1980, vék hinn reglulegi dómari, Barði Þórhallsson, bæjarfúgeti í Ólafsfirði, sæti í málinu, og með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 7. nóv. 1980, var Freyr Ófeigsson héraðsdómari skipaður til þess sem setudómari í Ólafsfirði að fara með málið

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979 kom upp eldur í bílskúr við hús nr. 18 við Hlíðarveg í Ólafsfirði, eign stefnanda. Lögregla og slökkvilið komu á staðinn, en við eldinn varð ekki ráðið, og eyðilagðist bílskúrin samt lausafé, er í honum var, þ. á m. bifreið, vélhjól og tjaldvagni. Bílskúrin var um 6 ára gamall, 32 m<sup>2</sup> að stærð, byggður úr timbri og eingangraður að innan með plasti og klæddur spónaplötum að innan. Járn var á þaki, en það eingangrað með plasti og klætt trétexi að neðan. Telur stefnandi heildartjón af völdum brunans hafa numið kr. 93.100.48.

Lögreglu- og dómsrannsókn leiddu til þess, að grunur féll á stefndu um, að hún hefði valdið brunanum með íkveikju, og með ákæru, dags. 13. ágúst 1979, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur stefndu fyrir sakadómi

Ólafsfjarðar fyrir stórfelld eignaspjöll samkv. 2. mgr. 257. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979 lagt eld í bílskúr stefnanda með þeim afleiðingum, að bílskúrin gjöreyðilagðist ásamt nánar upptöldum lausafjárumnum, er í bílskúrnum voru.

Auk refsikröfu var í ákæru höfð uppí krafa um greiðslu skaðabóta.

Hinn 14. sept. 1979 var í fógetarétti Ólafsfjarðar að kröfu stefnanda gert löghald í húseigninni Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, eign stefndu og eiginmanns hennar, til tryggingar bótakröfum stefnanda, og er mál þetta meðal annars höfðað til staðfestingar á löghaldi þessu, eins og áður er rakið.

Dómur í áðurnefndu sakamáli á hendur stefndu var kveðinn upp í sakadómi Ólafsfjarðar þann 13. desember 1979. Var niðurstaða þess dóms sú, að stefnda var sýknuð af refsikröfu ákæruvaldsins. Auk þess var hún einnig sýknuð af skaðabótakröfu stefnanda máls þessa.

Dómi sakadóms Ólafsfjarðar var eigi áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins, en með áfrýjunarstefnu, dags. 19. sept. 1980, áfrýjaði stefnandi málinu til Hæstaréttar og gerði þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi yrði hrundið að því er varðaði skaðabótahlíð málsins.

Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti þann 26. október 1981, og var niðurstaða þess dóms sú, að bótakröfu stefnanda á hendur stefndu í framangreindu sakamáli var vísað frá sakadómi Ólafsfjarðar.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefnda hafi í öläði kveikt í bílskúr stefnanda og með því valdið tjóni því, er af brunanum hlaust. Beri henni að bæta það samkv. almennu skaðabótareglunni. Telur stefnandi að við lögreglu- og sakadómsrannsókn hafi komið fram nægar sannanir fyrir því, að stefnda hafi valdið brunanum. Bendir hann einkum á, að upplýst sé, að stefnda hafi farið að bílskúrnum í umrætt sinn. Hún hafi verið öluð og reið við stefnanda vegna orðaskipta þeirra á milli daginn áður. Fundist hafi hjá henni peysa vætt í eldfimu efni, sem hún hafi ekki gefið fullnægjandi skýringar á. Þá hafi stefnda viðurkennt verknaðinn fyrir geðlækni þeim, er rannsakaði geðheilbrigði hennar að beiðni sakadóms Ólafsfjarðar, og fleiri aðiljum. Viðbrögð stefndu við eldsvoðanum hafi verið óeðlileg og tortryggileg og framburður hennar óljós og mótsagnakenndur.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að hún hafi á nokkurn hátt valdið umræddum eldsvoða, og því haldið fram, að engar sannanir séu komnar fyrir þeirri staðhæfingu stefnanda. Er sýknukrafa stefndu á þessu reist.

Ákvæði 196. gr. laga nr. 85/1936 þykja eigi vera því til fyrirstöðu, að efnisdómur verði lagður á mál þetta, sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949.

Í málinu hafa m.a. verið lögð fram endurrit af rannsókn málsins hjá lögreglu og sakadómi Ólafsfjarðar. Ekki þykir ástæða til að rekja gögn þessi sérstaklega.

Af gögnum málsins má ráða, að líkur séu til þess, að eldurinn hafi átt

upptök sín í norðvesturhorni skúrsins, en þar var gluggi með brotnu gleri, og fyrir gatinu var einangrunarplast til varnar því, að inn snjóaði, en ekki er fram komin full víska um þetta atriði. Eins og gögnum máls þessa er hátt- að, þykir eigi unnt að miða við, að eldur hafi ekki getað komið upp með öðrum hætti en þeim, sem haldið er fram af stefnanda.

Er bruninn varð, var nýfallinn snjór. Í ljós kom, að slóð fótspora lá frá húsi stefndu, sem er næsta hús við hús stefnanda, að glugga þeim á bílskúrnum, sem áður er nefndur. Stefnanda hefur viðurkennt, að för þessi hafi verið eftir sig, og gefið þá skýringu á þeim, að hún hafi farið að bíl- skúrnum, eftir að í honum kviknaði. Stefnanda gerði ekki tilraun til að leyna förum þessum, og virðist sjálfstætt hafa skýrt frá þessari ferð sinni að bíl- skúrnum þegar í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu.

Stefnanda hefur staðfestlega neitað bæði fyrir lögreglu og sakadómi að hafa valdið tédum eldsvoða. Staðhæfing stefnanda um, að stefnanda hafi utan réttar viðurkennt verknaðinn, þ. á m. fyrir geðlækni þeim, er annaðist geðrannsókn á henni að beiðni sakadóms Ólafsfjarðar, er ósönnuð.

Engin vitni eru að því, að stefnanda hafi valdið eldsvoða þeim, er málið snýst um, og stefnandi hefur að öðru leyti ekki lagt fram nægjanleg gögn, er hnekki framburði stefndu að þessu leyti.

Verður stefnanda samkvæmt framansögðu sýknuð af kröfum stefnanda máls þessa.

Þá ber að fella úr gildi lögöld það, er fram fór í fúgetarétti Ólafsfjarðar 14. sept. 1979.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu máls- kostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

#### D ó m s o r ð:

Stefnanda Inga Eyfjörð Sigurðardóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðna Aðalsteinssonar.

Lögöld, er fram fór í fúgetarétti Ólafsfjarðar 14. sept. 1979 í fast- eigninni Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, er úr gildi fellt.

Stefnandi greiði stefndu kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Lögöldsgerð fúgetaréttar Ólafsfjarðar 14. september 1979.

Ár 1979, föstudaginn 14. september, var fúgetaréttur Ólafsfjarðar settur að Hlíðarvegi 16 og haldinn þar af Barða Þórhallsyni bæjarfúgeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið Guðni Aðalsteinsson gegn Ingu Eyfjörð Sigurðar- dóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni sem fylgir svohljóðandi: Fyrir gerðarbeiðanda mættir Gústaf Þór Tryggvason, hdl. og krefst lögalds fyrir kr. 9.106.698.- með dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverju tímabili fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. 3. 1979 til greiðsludags. Málskostnað (sic) skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði (sic) við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál/uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstödd en fyrir hana mættir Frank Herulf- sen, eiginmaður hennar, sem býr hér. Gætti fógeti leiðbeiningarskyldu gagnvart mætta, sem er ólögfróður. Að kröfu fógeta leggur gerðarbeiðandi fram bankatryggingu að fjárhæð 700.000.-

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir lögaldi í eignarhluta gerðarþola að Hlíðarvegi 16. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá lögaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurs- laus, lokið.

---

Föstudaginn 24. febrúar 1984.

Nr. 139/1983. **Brynjólfur Bjarnason**  
(Hákon Árnason hrl.)  
gegn

**Guðmundi Svavari Guðjónssyni og**  
**Samvinnutryggingum g/t**  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. janúar s.á. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða sér 33.410.00 krónur með